

Mánudaginn 29. marz 1971.

Nr. 41/1971. Flugstöðin h/f

gegn

Sólrúnu Hafsteinsdóttur persónulega og
vegna ófjárráða dóttur sinnar,
Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. marz 1971, sem hingað barst 25. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. c., laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. marz 1971, þar sem varnaraðilja var heimilað að afla vættis nafngreinds vitnis. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur „og breytt á þann hátt, að neitað verði um frekari vitnaleiðslur og gagnaöflun í máli þessu, en lagt fyrir vitnadómarann að afgreiða málið til Hæstaréttar“.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Flugstöðin h/f, greiði varnaraðilja, Sólrúnu Hafsteinsdóttur, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1971.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 23. f. m., en það er rekið sem vitnamál í sambandi við hæstaréttarmálið nr. 88/1970.

Með stefnu, dags. hinn 3. febrúar 1969, höfðaði Sólrún Hafsteinsdóttir, Auðbrekku, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu, vegna sín og fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Flugstöðinni h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.514.485.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags. Í málinu var krafizt málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar. Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur hafðar uppi í málinu aðallega, að hann yrði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður yrði þá látinn niður falla. Málavextir voru þeir, að hinn 15. júlí 1968 tók Gísli G. Axelsson á leigu hjá Flugstöðinni h/f flugvélin TF-DGF af gerðinni Piper PA-28, Cherokee 140, og var fyrirhugað að fljúga frá Reykjavík til Ísafjarðar og til Reykjavíkur aftur. Í flugvélinni voru þrír farþegar, og var Valgeir Stefánsson einn þeirra. Flugvélin fór frá Reykjavíkurflugvelli kl. 2023, og var áætlað, að hún lenti á Ísafirði kl. 2213. Var viðdöl á Ísafirði áætluð 30 mínútur, og áætlaður komutími til Reykjavíkur aftur var kl. 0033. Er flugvélin kom ekki fram eftir áætlaðan komutíma til Reykjavíkur, var farið að grennslast eftir henni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekki komið til Ísafjarðar. Höfst nú mikil leit að flugvélinni, og um kl. 1045 hinn 17. júlí fannst flak hennar á svo nefndri Brunnhæð á Látrabjargi. Voru allir látnir, sem í flugvélinni voru. Sólrún Hafsteinsdóttir, ekkja Valgeirs Stefánssonar, er hafði heimild til setu í óskiptu búi, höfðaði síðan bæjarþingsmálið til heimtu bóta, sem hún taldi sig og einkabarn þeirra Valgeirs, Gunnhildi Fjólu, hafa beðið við fráfall hans. Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur, var Flugstöðinni h/f gert að greiða Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri kr. 730.000.00 og fyrir hönd Gunnhildar Fjólu kr. 110.000.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags, svo og kr. 96.500.00 í málskostnað.

Með hæstaréttarstefnu, útgefinni hinn 28. apríl 1970, áfrýjaði stefndi bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar. Hinn 21. desember s.l. kvað Hæstiréttur upp svohljóðandi úrskurð:

„Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt

120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 57/1962, að veita aðiljum færi á því að afla eftirtalinna gagna:

1. Álitsgerðar dómkvaddra manna, sérfróðra um loftsiglingar og veðurfræði, um það, hvort ógætilegt hafi verið, að flugvélin TF-DGF færi ferð þá til Ísafjarðar, sem í málinu greinir, þegar gætt er flugkunnáttu og reynslu flugmannsins, flugtímans, upplýsinga um veður og veðurhorfur á flugleiðinni, þess, að fjarskiptastöð á Ísafirði var ekki opin, og annars þess, sem máli kann að skipta um ákvörðun um ferðina og undirbúning hennar.

Ef svo er talið, skal greina, hverju hafi verið áfátt, hverju máli þau atriði hafi skipt um flugslysið og hvort fyrirsvars mönnum eða starfsmönnum aðaláfrýjanda máls þessa sé þar um að kenna.

2. Skýrslu Páls Bergþórssonar veðurfræðings um viðtal það, sem talið er, að Marinó Þórður Jónsson og Gísli heitinn Axelsson hafi við hann átt fyrir flugferðina.
3. Skýrslu um, á hvaða tímum dags séu gerðar veðurathuganir á veðurathugunarstöðvum frá Reykhólum og Æðey og hvernær tilkynningar um veðurathuganir þessar berist Veðurstofunni í Reykjavík.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna“.

Í tilefni af úrskurði Hæstaréttar kom Páll Bergþórsson veðurfræðingur fyrir dóm til vitnisburðar í vitnamáli því, sem hér er til úrskurðar. Í framburði sínum hér fyrir dóminum skýrði Páll Bergþórsson frá því, að Helgi Jónsson flugmaður hefði skýrt sér frá því, að hann hefði fengið hjá sér upplýsingar um veður sama kvöld og umrædd flugferð var farin. Hafi Helgi sagzt hafa leitað upplýsinga þessara af tveimur ástæðum, annars vegar hafi hann sjálfur ætlað að fljúga til Arnarfjarðar, en einnig hafi hann ætlað að leigja flugnema flugvél til æfingaflugs. Kvað Páll Helga hafa sagt sér, að á grundvelli þessara upplýsinga hafi hann flogið til Arnarfjarðar, enda hafi hann ekki þurft að fljúga sjónflug, og einnig hafi Helgi sagt, að á grundvelli þessara upplýsinga hafi hann ekki talið rétt að láta flugnemann fljúga nema í nágrenni Reykjavíkur.

Lögmaður vitnastefnanda hefur talið nauðsyn til bera, að Helgi Jónsson verði kvaddur fyrir dóm til vitnisburðar um þau atriði, sem Páll Bergþórsson hefur skýrt frá og hér hafa verið rakin.

Þá hefur lögmaðurinn einnig óskað eftir því, að Elíeser Jónsson, fyrirsvarsmaður Flugstöðvarinnar h/f, komi fyrir dóm til skýrslugjafar að nýju.

Lögmaður vitnastefnda hefur mótmælt því, að hin umbeðna vitnaleiðsla fari fram eða að frekari gagnasöfnun eigi sér stað í máli þessu, og hefur krafizt þess, að málið verði sent Hæstarétti án frekari dráttar. Bendir lögmaðurinn á í því sambandi, að gagnaöflun af hálfu lögmanna sé löngu lokið og málið flutt og lagt í dóm af þeirra hálfu í Hæstarétti í desembermánuði s.l. Úrskurður Hæstaréttar frá 21. desember s.l. sé takmarkaður og tæmandi um þau atriði, sem dómurinn óskar eftir, að upplýst verði, áður en endanlegur dómur gengur. Þeim úrskurði hafi nú verið fullnægt með framlagningu álitsgerðar hinna dómkvöðdu manna og staðfestingu þeirra á henni hér fyrir dómi svo og með öflun annarra gagna þeirra, sem í úrskurðinum greini. Hefur lögmaður vitnastefnda áskilið sér rétt til að mótmæla sem of seint fram komnum frekari gögnum, sem óskað kunni að verða eftir af hálfu vitnastefnanda.

Þótt vætti Helga Jónssonar liggi að vísu utan marka úrskurðar Hæstaréttar samkvæmt orðanna hljóðan, þá þykir eigi útilokað, að hann kunni að varpa frekara ljósi á málsatvik. Þykir því rétt að heimila vitnastefnanda að afla vættis Helga Jónssonar. Elíeser Jónsson gaf á sínum tíma rækilega skýrslu við meðferð málsins, áður en dómur gekk á bæjarþingi Reykjavíkur, og hafa eigi verið færð að því rök, að sú skýrslugjöf hafi verið ófullnægjandi. Þykir því ekki vera næg ástæða til, að dómarinn kveðji Elíeser Jónsson fyrir dóm í vitnamáli þessu, en heimilt er Elíeser að koma fyrir dóminn til frekari skýrslugjafar, ef hann óskar.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Vitnastefnendum er heimilt að afla vættis Helga Jónssonar í vitnamáli þessu.